

Sent í Samráðsgátt
Reykjavík, 25. nóvember 2021

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um viðbúnað og viðbrögð við smitsjúkdómum í dýrum, mál nr. S-208/2021

Vísað er til tilkynningar í Samráðsgátt dags. 5. nóvember þar sem óskað var eftir umsögnum um drög að reglugerð um viðbúnað og viðbrögð við smitsjúkdómum í dýrum, mál nr. S-208/2021. Reglugerðardrögin byggja á núgildandi reglugerð um varnir gegn smitsjúkdómum, nr. 665/2001. Gildandi reglugerð tekur til smitsjúkdóma líkt og þeir eru skilgreindir í viðauka 1A og 1B með lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, og nýja áður ógreinda smitsjúkdóma, að undanskilinni riðuveiki. Í áðurnefndri tilkynningu í Samráðsgátt segir að reglugerðin beri keim af því að gin- og klaufaveiki hafi geisað í Bretlandi en komið hafi í ljós að hún eigi illa við um ýmsa aðra smitsjúkdóma í dýrum. Bændasamtökin hafa farið yfir reglugerðardrögin og vilja koma eftirfarandi á framfæri.

1. Gildissvið

Gildissvið reglugerðardraganna skv. 1. gr. er takmarkað við sjúkdóma sem eru tilkynningarskyldir skv. skv. 1. kafla reglugerðar, nr. 52/2014 um skráningar- og tilkynningarskylda sjúkdóma. Falla því utan fjölmargir smitsjúkdómar sem eru skráningarskyldir og núgildandi reglugerð tekur einnig til en eins og áður segir gildir hún um þá sjúkdóma sem vísað er til í viðaukum 1A (skráningarskyldir) og 1B (tilkynningarskyldir). Bent er á að ákveðnir sýkingavaldar sjúkdómar, líkt og MRSA (methilin resistant *Staphylococcus aureus*), sem þó er ekki að finna í viðauka 1A við dýrasjúkdómalög, falla utan gildissviðs reglugerðarinnar. MRSA er sýklalyfjaónæmur stofn af algengri tegund umhverfisbaktería sem finnst víða, t.d. í jarðvegi. Sýking af völdum þessa stofns eru getur verið lífshættulegur mönnum með laskað ónæmiskerfi, t.d. ef hún kemst í opið sár. Bakterían er landlæg í sumum löndum meðal starfsfólks og gripa í svínarækt og eru því uppspretta fyrir smitefni sem borist getur til fólks með laskað ónæmiskerfi. Mikilvægt er að verja góða stöðu íslenskrar matvælaframleiðslu þannig að MRSA sé ekki til staðar í framleiðslu, hvort sem er meðal starfsfólks eða gripa. Því þarf að tryggja fyrirsjáanleika, komi MRSA sýking upp hér á landi sem og að framkvæma fyrirbyggjandi aðgerðir.

2. Kostnaður og bætur


Í 16. gr. reglugerðardraganna segir að um kostnað og bætur sem hljóttast af framkvæmd reglugerðarinnar fari samkvæmt VI. kafla laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Í 20. gr. þeirra laga er fjallað um bætur til eigenda búfjár en samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skulu bætur ríkissjóðs svara til verðgildis afurða og rekstrartaps sem sannanlega leiðir af eyðingu dýranna. Grundvöllur til útreiknings bóta vegna taps búfjáreigenda þarf að vera fyrirsjáanlegur og því leggja Bændasamtökin áherslu á að bótagrundvöllur þess búfénaðar sem fargað er samkvæmt fyrirmælum ráðherra og að tillögu MAST, liggi fyrir áður eða á sama tíma og reglugerðin tekur gildi. Vísa samtökin hér m.a. til *Minnisblaðs um aðferðarfræði við mat á kostnaði við niðurskurð í alifuglaeldi*, dags. 8. mars sl., sem sent var ráðuneytinu landbúnaðarmála í kjölfar fundar sem samtökin áttu með fulltrúum ráðuneytisins.


4. Meðhöndlun sláturúrgangs/dýraleifa

Meðhöndlun dýraleifa, þ.e. förgun og endurvinnsla er stórt vandamál sem þarf að leysa, eigi það ekki að hafa áframhaldandi neikvæð áhrif á íslenskan landbúnað. Bændasamtökin telja að móta þurfi heildarstefnu um slíkra meðhöndlun og hrinda í framkvæmd fyrirbyggjandi tillögum um færanlega brennslustöð. Að því sögðu er tekið undir tillögur um efnið í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um reglugerðardrögin.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands


Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri.


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir